



# FJÖRÐUR

	21.des	22.des	23.des	24.des	25/26.des	27.des	28.des	29.des	30.des	31.des	1.jan	2.jan
Verðslanir	10-20	10-20	10-20	11-13	lokað	lokað	10-18	10-18	11-16	lokað	lokað	lokað
RIF	11:30-21	12-21	12-21	lokað	lokað	16-20	11:30-20	11:30-21	11:30-21	lokað	lokað	16-20
Pósturinn	9-18	9-18	10-14	9-12	lokað	9:30-17	9:30-17	9:30-16	lokað	lokað	lokað	9-18
Kökulist	8-20	8-20	8-21	9-14:30	lokað	8-18	8-18	8-18	8-18	9-15	lokað	8-18
Lyf & heilsa	9-18	9-18	lokað	lokað	lokað	10-18	9-18	9-18	lokað	lokað	lokað	10-18

\* **Krambúðin Garðabæ** Opið til kl. **23:30** alla daga  
 \* **Krambúðin Búðarkór** Opið til kl. **24:00** alla daga



# KÓPAVOGS

## - P Ó S T U R I N N -

34. tbl. 29. árg. Fimmtudagur 21. desember 2023. Kópavogspóstinum er dreift ókeypis inn á heimili í Kópavogi  
 FRÉTTABLAÐ KÓPAVOGSBÚA FRÁ 1994 BÆJARBLAÐIÐ ÞITT! VEFSÍÐA: WWW.KGP.IS

**KOMINNTÍMA SKOÐUN?**

Verið velkomin með bílinn í skoðun á **Dalveg 22**

Lyfjaval

Bílaapótek Lyfjaval  
Hæðasmára

**ÞARFTU AÐ SELJA**

**HRINGDU Í 520-9595**

**KRAFTUR – TRAUST – ÁRANGUR**

Bæjarlind 14-16  
www.errea.is

**MEKÓ**

**Gleðilega hátíð**

Kópavogspósturinn óskar Kópavogsbúum gleðilegrar hátíðar og farsæls komandi árs

**LÆGSTA VERÐIÐ Í KÓPAVOGI ER Á DALVEGI**

Jólavörur Hafsins eru komnar í verðslanir okkar.  
Hafid.is

**Nettó Engihjalla**  
Opið alla daga 8-24

**30% AFSLÁTTUR MEÐ VILDARKORTI LINDAR**

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:

**LIND FASTEIGNASALA**

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

# Jólamóðirin í Kópavogi

**Anna Kristinsdóttir formaður Mæðrastyrksnefndar Kópavogs, stendur í stórræðum fyrir hefðbundna jólaúthlutun nefndarinnar**

Í kjallara Digraneskirkju hitti Bergljót Kristinsdóttir, bæjarfulltrúi Samykingarinnar Önnu Kristinsdóttur formann Mæðrastyrksnefndar Kópavogs, en þar fer fram hefðbundin jólaúthlutun nefndarinnar að þessu sinni.

Bergljót tók Önnu tali fyrir Kópavogspóstinn, en Anna hefur verið formaður mæðrastyrksnefndar s.l. 8 ár.

## Getur illa sagt sig frá starfinu

Anna kom inn sem meðlimur í Kvenfélagi Kópavogs en kvenfélögin standa að baki mæðrastyrksnefnda um allt land. Hún getur illa sagt sig frá starfinu þar sem endurnýjun er lítil í félaginu og fáar sem geta helgað sig þessu þakkláta starfi alla daga.

Anna ólst upp í austurbæ Kópavogs frá sex ára aldri og hefur að mestu búið þar en með viðkomu víða um land vegna vinnu eiginmannsins Sigurðar Kristjánssonar. Saman eiga þau þrjá uppkomna syni.

## Úthluta til þeirra sem ekki ná endum saman

**Hvað gerir mæðrastyrksnefnd?** „Starf mæðrastyrksnefndar snýst um að úthluta fatnaði, líni, hreinlætisvörum, leikföngum, bókum, búsaðöldum og úttektarkortum í matvöruverslanir til þeirra sem ekki ná endum saman í bæjarfélaginu. Sumt er selt gegn vægu verði. Stjórnin og aðrir fastir sjálfboðaliðar telja átta konur sem sinna þessu starfi árið um kring. Fyrir jólin koma inn fleiri sjálfboðaliðar til að pakka inn gjöfum til barna og útbúa matarpoka. Starfsfólk Íslandsbanka hefur gert þetta í mörg ár og í ár bættist starfsfólk Kópavogsbæjar við,” segir Anna.

## Vaxandi hluti styrkþega er aldræð fólk sem ekki nær endum saman

**Hverjir þurfa hjálp?** „Anna segir mæðrastyrksnefnd sinna um 1.000 manns á ári, þ.a. er um helmingur sem fær jólaaðstoð. Önnur aðstoð er í formi úttektarkorta og fatnaðar árið um kring. Um helmingur

þeirra sem þiggja aðstoð eru af erlendu þjóðerni en sú breyting hefur orðið að vaxandi hluti styrkþega er aldræð fólk sem ekki nær endum saman. Einnig eru áberandi foreldrar með sameiginlegt forræði en börnin með lögheimili hjá hinu foreldrinu. Þeir fá enga aðstoð frá ríkinu en eru samt með börnin til jafns við hitt foreldrið og eru að sligast undan húsnæðis- og kostnaði eins og allir sem leita til nefndarinnar. Listar yfir þá sem fá stuðning eru samkeyrðir við aðrar stuðningsveitur á höfuðborgarsvæðinu svo aðeins er hægt að sækja um á einum stað,” segir hún.

## Nokkrir tryggir bakhjarlar, bæði fyrirtæki og einstaklinga, en styrkir eru minni í ár

**Hverjir styðja starfið?** „Anna segir nefndina hafa nokkra tryggja bakhjarla bæði fyrirtæki og einstaklinga en styrkir eru minni í ár og allur matur og þá sérstaklega kjöt hefur hækkað mjög mikið þannig að fjármagnið nýtist verr en áður. Einnig hefur nefndin þurft að kaupa sumt af því sem þau áður fengu gefins. Sem sýnir að það er líka verri tíð hjá styrkveitendum,” segir Anna.

## Ákall til bæjarbúa

Til að vinna gegn þessari þróun þarf ákall til bæjarbúa um að styrkja starfið sem bakverðir með föstum framlögum. Anna hvetur alla sem lagt geta til starfsins að gerast bakverðir og leggja fasta upphæð inn á reikning nefndarinnar **0536-05-403774 kt. 500197-2349**. Hugsunin er að margt smátt geri eitt stórt.

## Purfa loka fjóra mánuði á ári vegna fjárskorts

**Hvað er framundan?** „Mæðrastyrksnefnd er í þeirri vöndu stöðu að vera á hrakhólum með húsnæði. Kópavogsbær hefur styrkt starfið með því að leggja til húsnæði í Fannborg 5 en óvíst er hvort nefndin muni halda áfram starfi þar. Þetta mál er í höndum bæjaryfirvalda og leysist vonandi farsælega. Nú þarf helst að safna bakhjörum svo hægt sé að halda opnu allt árið. Eins og staðan er núna þarf að loka í fjóra mánuði yfir sumarið vegna fjárskorts.”

Anna stendur þó keik og heldur áfram sínu góða starfi í þágu bæjarfélagsins okkar og er sannkölluð jólamóðir.



## Bæjarfulltrúar funduðu í tuttugasta sinn á árinu

Bæjarstjórn Kópavogs fundaði 12. desember sl. og var það síðasti reglulegi fundur ársins. Alls hefur bæjarstjórn fundað tuttugu sinnum á árinu. Að jafnaði fundar bæjarstjórn annan og fjórða þriðjudag hvers mánaðar en tekur sér sumarleyfi og fer þá bæjarráð með umboð bæjarstjórnar. Fjórði þriðjudagur desember ber upp á annan í júlum og því ekki fundað þann dag.

Á síðasta fundi bæjarstjórnar fyrir sumarleyfi, 27. júní síðastliðinn, baðst Hannes Steindórsson Sjálfstæðisflokkur lausnar og tók Elísabet Berglind Sveinsdóttir sæti hans en hún var fyrsti varamaður.

Fyrir seinni fundi bæjarstjórnar í nóvember var tekin mynd af bæjarstjórn eins og hún hefur verið skipuð seinni hluta árs 2023, sannarlega myndarlegur hópur!



Bæjarstjórn Kópavogs frá vinstri: Elísabet Berglind Sveinsdóttir, Theodóra S. Þorsteinsdóttir, Bergljót Kristinsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Andri Steinn Hilmarsson, Ásdís Kristjánssdóttir, Orri Vignir Hlökkversson, Helga Jónsdóttir, Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, Sigrún Hulda Jónsdóttir, Kolbeinn Reginsson.

Fundur bæjarstjórnar eru ætíð í beinni útsendingu sem nálgast má á vef Kópavogsbæjar. Upptökur og fundargerðir eru settar inn á vef Kópavogsbæjar.



**FRÍMANN & HÁLFDÁN**  
ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann  
897 2468



Hálfdán  
898 5765



Ólöf  
898 3075



Kristín  
699 0512

Stapahrauni 5, Hafnarfirði  
Sími: 565 9775  
www.uth.is - uth@uth.is



Vefsíða Kópavogspóstisins **kgp.is**

**Facebook.com/Kopavogsposturinn**

**Twitter.com/Kopavogspostur**

**Instagram.com/Kopavogsposturinn**

Tæknitímar | Dansferðir | Danskeppnir | Viðburðir



# VORÖNN

HEFST 8. JANÚAR



JAZZ | MUSICAL THEATRE | COMMERCIAL | LYRICAL

## SPORTHÚSIÐ

# KÓPAVOGS

- P Ó S T U R I N N -

Útgefandi: Kópavogspósturinn ehf.

Netfang: valdimar@kp.is Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson,

Sími: 697 4020. Vefsíða: www.kgp.is Umbrot: Kópavogspósturinn ehf.

Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Kópavogspósturinn kemur næst 28. desember

Næsta tölublað á eftir er svo 11. janúar 2023

valdimar@kp.is - Sími 697 4020

Vefsíða Kópavogspóstsins, www.kgp.is

Kópavogspósturinn er á: Facebook, Twitter og Instagram



## Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna  
Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455



## Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27. Kópavogi

www.bilasprautun.is

554 2510

SJÓVÁ

TM

VÍS

Vörður

BGS

Bilgæmsambandið



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Facebook.com/Kopavogsposturinn

Twitter.com/Kopavogspostur

Instagram.com/Kopavogsposturinn

Jólahugleiðing. Grétar Halldór Gunnarsson prestur við Kópavogskirkju

# Þrá aldanna og von jólanna



Það er syndin í manneskjinni, það ástand sem hún er í, sem skapar ófrið í huga og hjarta, og sem vekur í framhaldi sundrung og átök milli manna og þjóða segir Grétar m.a. í jólahugleiðingu sinni

Við höfum undandarin misseri fengið miklar fréttir af átökum og stríðum. Við erum öll löngu orðin meðvituð um stríðið sem geisar í Úkraínu, og nú nýlega höfum við einnig fylgst með alvarlegum árásum og átökum í Ísrael og Palestínu.

Þetta þýðir að, nú þegar við minnumst fæðingar Jesúbarnsins á jólum, þá eru átök í einmitt þeim heimshluta þar sem það fæddist. Það er átök í þeim löndum þar sem Jesú fæddist, lifði og starf- aði.

Árin og aldirnar áður en Jesú fæddist hafði reyndar einnig verið ok og ófriður í einmitt þessum sama heimshluta. Rómverska heimsveldið hafði þá lagt svæðið undir sig, og andspyrnuhreyfingar á svæðinu gerðu ótt og títt uppreisnir sem voru barðar harkalega niður af rómversku yfirstjórninni með tilheyrandi blóðsúthellingum.

### Þrá aldanna

Og fólkíð í þeim löndum (sem nú kallast Ísrael og Palestína) beið þess vegna eftir og þráði að Guð myndi senda þeim messías, frelsara. Þau biðu eftir honum sem spádómar Gamla testamentisins fjalla um, eftir honum sem þau trúðu að myndi leysa þau undan okinu, leysa þau loksins undan ófriðnum.

Fólkíð vænti og vonaðist eftir frelsara.

Á aðventunni þá tákngerir kristin kirkja þessa bið og þrá eftir fæðingu frelsarans og við syngjum því sálma eins og hinn ástsæla: “ó, kom, ó kom Immanuel, og leys úr ánaud Ísrael.”

### Hvernig frelsari?

Fólkíð í löndunum við Miðjarðarhaf á tímum Jesú var sannarlega undir oki og ánaud. Og þau biðu eftir frelsara sem myndi losa þau undir okinu.

Og vissulega kom frelsarinn, eins og játað er í hinum kristna heimi.

En sá frelsari sem kom var annar en sá sem fólkíð hafði vænt og hann leysti undan annars konar oki.

Hann kom ekki til að leysa eingöngu eina þjóð undan oki annarrar. Nei, hans verkefni var stærra og náði lengra og víðara en bara til einnar þjóðar. Hann kom til að leysa allar manneskjur undan því

oki, sem er rótarástæða þess að fólk undirokar hvert annað og beitir hvert annað hömlulausu ofbeldi. Hann kom til að leysa mannkyn allt undan oki syndar og sundrungar.

Það er syndin í manneskjinni, það ástand sem hún er í, sem skapar ófrið í huga og hjarta, og sem vekur í framhaldi sundrung og átök milli manna og þjóða.

### Von jólanna

Og þegar við kyrjum og syngjum á adventu: “ó kom ó kom vor Immanuel, og leys úr ánaud Ísrael” þá erum við að biðja um þetta, þrá þetta; Að öll syndabönd verði leyst, og að manneskjan finni þann sanna frið sem Guð einn gefur, og að sá innri friður megi síðan gára út um öll lönd, og ófriðaröldur allar lægja.

Við lifum í dimmum og hörðum heimi með hungur, fátækt og neyð þar sem einn er að farast úr ofáti og drykkju en annar sveltur um leið. Þar sem einn er þjakaður andlegu böli en annar ber líkamleg sár. Og samt hefur lausn frá þjáningu og þraut verið þekkt í tvöþúsund ár.

En þrátt fyrir mannkynsins mistök og syndir og myrkvuðu tímabil og þrátt fyrir allt sem hann þurfti að liða og þjást hér og finna til hann biður samt ennþá með opinn faðm þar sem alltaf er skjól og hlíf, og biður um meiri mátt til að gefa mönnum eilíft líf.

Í myrkrinu adventuljósins loga sem lýsandi himnesk rós. Ógnþrungnir skammdegisskuggar víkja við skínandi kertaljós. Á jörðinni fólkskvast hin andlegu efni og oft er hér þungbær vist. Þá er sálinni styrkur og hjartanu huggun að hugsa um Jesú Krist.

Úr “Adventuljóð” eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson

## Dóra og Gleðigjafarnir endu árið með stæl!

Síðasta skemmtun Dóru og Gleðigjafanna á árinu var haldin í Gullsmára sl. laugar- dag. Um 70 félagar komu, sungu jólalög og önnur lög í bland og má með sanni segja að Dóra og Gleðigjafarnir hafi lokað árinu með stæl.





**Gleðileg jól og farsælt komandi ár  
Þökkum viðskiptin á árinu**

*Starfsfólk Lind fasteignasölu*

Lind fasteignasala • Bæjarlind 4 • 201 Kópavogur • 510 7900 • [fastlind.is](http://fastlind.is)



# Daltún 1 er Jólahús Kópavogsbæjar 2023

Lista- og menningarráð Kópavogs stóð í ár í annað sinn fyrir leitinni að Jólahúsi Kópavogi. Að þessu sinni voru einnig valdar Jólágata og Fjölbýlishús ársins.

Þetta er svo skemmtilegt, það er svo dýrmætt að sjá alla þessa ljósadýrð á þessum myrkasta tíma ársins, segir Elísabet Sveinsdóttir forseti Lista- og menningarráði Kópavogs. Þetta er annað árið sem við förum af stað með þessa nafnbót, mikilvægt að lyfta upp því sem vel er gert og svo nærir þetta jólaandan.

Dórnafnd dæmdi út frá; samhengi við umhverfið, birtu og jólaflíng/stemningu. Dómarar voru sammála um að það er einstaklega gaman að keyra um bæinn og sjá fallegar skreytingar og gaman að sjáhværnig þetta þróast ár frá ári.

Afhending fór fram eftir að blaðið fór í prent svo ekki náðist í ummæli frá fulltrúum þeirra húsa sem valin voru en við hvetjum ykkur að fylgjast með á vefmiðlum Kópavogsbæjar.

## Jólahús Kópavogs 2023 Daltún 1

**Umsögn dórnafndar:** Falleg kyrrð í ljósdýrðinni, umhverfið hjálpar vissulega til með þessum fallegu trjám sem umliggja húsið. Einföld litasamsetningin sveipar ákveðnum töfrablæ yfir húsið allt um kring.



Jólahús Kópavogs 2023 er Daltún 1



Jólafljóbýlishús Kópavogs 2023 er Sunnsmári 22-28

## Jólagata Kópavogs 2023 Múlalind

**Umsögn dórnafndar:** Það er nú ekki annað hægt en að komast í jólaþak



Múlalind er jólagata Kópavogs árið 2023

þegar keyrt/gengið er inn í Múlalindina. Fyrstu tvö húsin er einstaklega vel og mikið skreytt, þau setja tóninn fyrir alla götuna sem sú jólalegasta í Kópavogi þetta árið.

## Jólafljóbýlishús Kópavogs 2023 Sunnsmári 22 - 28

**Umsögn dórnafndar:** Mjög fallegt að sjá hversu samtaka nágrannarnir í Sunnsmáranum eru, það hafa allir sett eins seríu og verður heildarútkoman því einstaklega falleg. Birtan/bjarminn frá húsinu sést langar leiðir og verður fallegri því nær maður kemur að húsinu.

Ljósmyndari: Anton Brink

# Þetta var kraftaverki líkast og flestir felldu tár

## Breiðabliks og fleiri gáfu búninga til barna í Kongó



Kópavogspóstinum bárust þessar myndir frá Breiðablik, en félagið fékk þær frá Kristni Guðmundssyni sem var að vinna fyrir flugfélag í Kongó, nánar tiltekið í Brazzavile.

Hann lét einnig fylgja með söguna af því hvernig þessar Breiðabliks búningar enduðu í Kongó en á frídögum þá var iðulega farið og hjálpað til á munaðarleysingjaheimili sem staðsett er þar. Allstaðar voru krakkar úti að leika sér og mjög algengt að sjá krakka við afar frumlegar aðstæður spila fótbolta.



## Breiðablik ásamt fleirum lögðu til búninga og annan varning

Þegar Kristinn kom heim til Íslands á milli vinnutarna hafði þá hafði hann samband við aðila sem áttu varning aflögu sem var jafnvel á leiðinni á Sorpu og þótti ekki nægilega góður. Breiðablik ásamt fleiri aðilum lagði til Breiðabliksbúninga og annan varning í þessa ferð hans.

Hann fór með þessa búninga í hjólarúnt í Kongó og gaf krökkum sem voru að leika sér í fótbolta. Eins og sjá má á myndunum eru aðstæður frekar frumlegar og veraldleg gæði ekki í takt við það sem þekktist á Íslandi.

Kristinn sagði orðrétt: „Ég mun aldrei gleyma blikinu í augum þessara barna sem fengu búninga, skó og boltana. Þetta var kraftaverki líkast fyrir þau að eignast þessar vörur og flestir felldu tár þegar þau fengu þetta í hendurnar. Litlar gjafir sem gáfu ómælda gleði og hamingju. Takk Breiðablik fyrir að gleðja hjörtu í Afríku og gleðileg Jól!“

Við segjum bara takk sömuleiðis Kristinn og gleðilega hátíð.

Þess má geta að Kongó á landamæri að Gabon, Kamerún, Mið-Afríkulyðveldinu, Lýðveldinu Kongó og Angóla.




Kópavogsbær

# Kópavogsbær óskar bæjarbúum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári



# Svíf þú inn í svefninn ...í rúmi frá okkur!

**RB**  
RÚM



**heklaíslandi**



Hágæða Florence bómullarhandklæði  
og náttloppar frá CLARYSSE bath & kitchen



Falleg handmáluð jólakerti frá FLATYS

Íslensk  
hönnun

**RB rúm** | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

[www.rbrum.is](http://www.rbrum.is) | [rum@rbrum.is](mailto:rum@rbrum.is) | erum á Instagram

Opð mánudaga til fimmtudaga 8:00-18:00 • föstudaga 8:00-17:00 • laugardaga 10:00-16:00 • sunnudaga lokað



# Tekjur Kópavogsbæjar gætu hækkað um 420 milljónir króna þegar allt er tekið með

## Samkomulag undirritað milli ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk

Ríki og sveitarfélög undirrituðu rétt fyrir jól samkomulag um breytingu á fjárhagsramma þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk. Samkomulagið felur í sér að útsvarsprósenta sveitarfélaga hækkar um 0,23% með samsvarandi lækun tekjuskattsprósentu ríkisins. Hækkunin nemur um sex milljörðum króna miðað við árið 2024. Í kjölfar samkomulags frá í desember 2022 fluttust 5,7 milljarðar króna frá ríki til sveitarfélaganna miðað við árið 2024 og er heildarhækkun því tæplega 12 milljarðar króna.



Ásdís Kristjánsdóttir

lag einhver áhrif á það og verður þetta reiknað afturvirk? „Það er ekki að sjá að neitt sé að koma afturvirk upp í vanáætluð framlög. Það er rétt, að 2019-2021 voru framlögin tæpir 3 milljarðar en séu árin 2020-2022 tekin, þá er hallinn nær 3,5 milljörðum. Þetta á semsagt við um allan málaflökkinn. Ef við skoðum bara einangrað það sem fylgdi með við yfirfærslu málaflökksins á sínum tíma auk viðbótar á samskonar starfsemi, þá verður hallinn minni, eða á bilinu 500 – 600 m.kr. á ári undanfarin ár. Það sem hinsvegar truflar þessa einangruðu sýn er, að við yfirfærsluna jókst álagið á þá liði sem voru fyrir, þannig að við teljum rétt að skoða heildarverkefnið, ekki bara hluta þess. Heildarútgjöld til þessa verkefnis var um 140 m.kr. á árinu 2010 en tæplega 3.300 m.kr. á árinu 2022,“ segir hún og bætir við að lokin. „Þó samkomulagið sé áfangi í að leiðrétta vanfjármögnun málaflökksins er ljóst að talsverð vinna er fram undan að ákvarða endanlega kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Við vonumst til að sú vinna haldi áfram á árinu 2024.“

Frá því að yfirfærsla á þjónustu við fatlað fólk átti sér stað frá ríki til sveitarfélaga árið 2011 hefur orðið mikil framþróun í málefnum fatlaðs fólks, ásamt því að gerðar hafa verið lagabreytingar um aukna þjónustu. Ríkið hefur komið til móts við sveitarfélögin með aukinni fjármögnun en sveitarfélögin hafa engu að síður staðið frammi fyrir útgjaldaaukningu í málaflöknum. Núverandi samkomulagi er ætlað að koma til móts við það. Hækkun útsvarsins mun renna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og verða hluti af framlögum sjóðsins sem veitt eru til sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks.

**fjárhagsáætlun Kópavogs fyrir árið 2024?** „Það er ljóst að tekjur munu aukast þar sem stærri hluti af skatttekjum hins opinbera mun renna til sveitarfélaganna í formi hækkaðs útsvars. Miðað við „reiknaða útgjaldabör“ á árinu 2024 samkvæmt áætlun Jöfnunarsjóðs má ætla að tekjur Kópavogsbæjar kunni að hækka um sirka 420 m.kr. þegar allt er tekið til, vegna þessarar ákvörðunar,“ segir hún.

**Hallinn nærri 3,5 milljarðar Þú hefur rætt um að fjárfrahlögin til Kópavogs vegna málefna fatlaðra hafi verið vanáætluð af ríkinu á undanförunum árum sem nemur um 3 milljörðum ef ég man rétt. Hefur þetta samkomu-**

**Tekjur muni aukast**  
Kópavogspósturinn spurði Ásdís hvaða áhrif þetta samkomulag muni hafa á



Undir samkomulagið rituðu Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, fjármála- og efnahagsráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra, Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og Arnar Þór Sævarsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.

og betri nýtingu fjármagns. Þá eru aðilar samkomulagsins sammála um að haldið verði áfram með kortlagningu, greiningu og gerð tillagna um stöðu og framtíð barna og ungmenna með fjölþættan vanda, einstaklinga 18 ára og eldri sem dæmdir hafa verið til að sæta öryggisgæslu eða öðrum öryggisráðstöfunum, og tillagna um stöðu og framtíð þjónustu við ungt fólk á hjúkrunarheimilum. Auk þess verður vinna haldið áfram við stefnu og

framkvæmdaáætlun til 7-10 ára um framtíðaruppbyggingu í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum.

Loks hafa aðilar samkomulagsins samþykkt að stofnaður verði sérstakur framtíðarhópur fulltrúa ríkis og sveitarfélaga sem vinna mun að þróun og nýsköpun í þjónustu við fatlað fólk. Ríki og sveitarfélög munu veita tímabundið framlag til þróunarkostnaðar í þjónustu við fatlað fólk.


# NÝTUM ORKUNA TIL AÐ FLOKKA

Umbúðagámar fyrir pappa- og plastumbúðir hjá Orkunni 25. - 29. desember.







- Gylfaflöt, Reykjavík
- Kleppsvegi, Reykjavík
- Austurströnd, Seltjarnarnesi
- Reykjavíkurvegi, Hafnarfirði
- Skagabraut, Akranesi







# Gledilega Shatic





Sóknarpresturinn sjálfur, Sigurður Arnarson í Kópavogskirkju átti að sjálfsgöðu ekki í erfiðleikum með Himmastigann, horfðu til himins!

Tónlistarmaðurinn, Kjalar Martinsson hitaði upp fyrir hlaupið

## Aðventuhlaupið um Kópavoginn allan, frá kirkju til kirkju

Nú í upphafi aðventunnar var hlaupið hið árlega aðventuhlaup Kópavogskirkju. Var það haldið í samstarfi kirknanna í Kópavogi og Hlaupahóps Breiðabliks.

Fjöldi fólks tók þátt og var hlaupið á milli kirkna í Kópavogi þar sem hægt var að velja á milli 7km eða 12km leiða. Hlauparar byrjuðu í Kópavogskirkju þar sem tónlistarmaðurinn Kjalar Martinsson hitaði upp. Hlauparar voru af öllum gerðum,

sá elsti var 75 ára og sá yngsti 13 ára. Sá sem hafði flestar fæturnar var ferfætlingur, í rauninni hundur af tegundinni labrador. Öllum var síðan boðið að þiggja heitt súkkulaði og piparkökur í safnaðarheimiliinu Borgum eftir hlaupið.



**Vinir Kópavogs**

*Gleðilega hátíð*  
og farsælt komandi ár

 [vinirkopavogs.is](http://vinirkopavogs.is)  [vinir@vinirkopavogs.is](mailto:vinir@vinirkopavogs.is)



# VIÐ ÓSKUM KÓPAVOGGSBÚUM

lökendum, aðstandendum, samstarfs- og styrktaraðilum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Þökkum fyrir ómetanlegan stuðning og samstarf á árinu sem er að líða.



## KYNDILLINN

Minum á jólahappdrætti Breiðabliks

Vinningarnir í ár eru stórkostlegir. Lökendur Breiðabliks selja miða. Takið vel á móti sölufólki. Útdráttur fer fram 12. janúar 2024. Vinningskrá og númer verða birt á breidablik.is. Látið ekki happ úr hendi sleppa og tryggjið ykkur miða.

**Miðaverð 1.500 kr.**

# Hjólandi vegfarendur í Kópavogi í jólaköttinn

Undanfarin ár hefur þó nokkru fé verið úthlutað til hjólastíga í Kópavogi. Það hefur því miður komið í ljós að það hefur verið skammgóður vermir.



Indriði Ingi Stefánsson

Þegar á reynir ratar ekki allt þetta fé ratað til framkvæmda. Heldur aðeins rúmur helmingur sem verður að teljast ansi dræmt. Þá hefðu einhver talið að þetta myndi þá bara skila sér síðar enda ekki vanþörf á. Í umræðum meðal hjólræiðafólks er tekið eftir því að Kópavogur þyrfti að gera mun betur hvað varðar hjólastíga. En ekki eingöngu er það ekki raunin að neitt af þessu fjármagni sem ekki hefur verið nýtt muni skila sér í framkvæmdir, heldur til að bæta um betur fer ekki króna til framkvæmda á næsta fjárhagsári, mögulega jákvætt að við séum hætt að úthluta fé sem ekki er notað en samt sorglegt.

Hjólræiðar eru mikilvægur ferðamáti og ekkert því til fyrirstöðu að hjóla allt árið enda er mikið af fólki sem gerir það með góðum árangri. Með því að byggja upp góða innviði er hægt að hvort tveggja auka mikið á öryggi hjólræiðafólks sem og að bæta úr tengingum. Því miður er staðan sú að í dag eru tengingar innan Kópavogs oft ófullnægjandi sem þýðir að hjólræiðafólk neyðist til að ýmist nýta gangstíga sem ekki eru ruddir eða

akbrautir sem eru mis hentugar sem hjólaleiðir. Í báðum tilfellum verða leiðir oft mun lengri en þær þyrftu að vera.

Vissulega eru lagðir stígar í nýjum hverfum þó það nú væri, því miður verða það gjarnan sameiginlegir hjóla og göngu-stígar sem henta hvorki gangandi né hjólandi. Þeir stígar sem verða lagðir á næsta ári verða fyrst og fremst á grundvelli samgöngusáttmála og Kópavogur getur og ætti að gera miklu betur, þangað til fer hjólaafólk í Kópavogi í jólaköttinn, frekar en fá jólahjól í silfurpappír.

Indriði Stefánsson, varabæjarfulltrúi Pírata.

# Freyja Dís Benediktsdóttir Trissbogakona ársins 2023

Freyja Dís Benediktsdóttir í Bogfímifélagi Kópavogs var valin Trissbogakona BFSÍ fyrir árið 2023. Þetta er í fyrsta sinn sem Freyja hreppir titilinn. Valið fer fram á hlutlausann veg byggt á útreikningi árangurs keppenda á árinu á innlendum og erlendum mótum.



Árangur Freyju á árinu er það mikill að erfitt er að gera góða samantekt sem sleppir ekki of miklum upplýsingum. En hér er gróf samantekt af helsta árangri Freyju á árinu 2023:

- 7 Íslandsmeistararitlar (5 í Meistaraflokk (M.fl.) og 2 í U21 flokki félagsliða og einstaklinga)
- 7 Íslandsmet (2 í M.fl. og 5 í U21.fl. félagsliða, landsliða og einstaklinga)
- 2 Norðurlandamet (U21.fl. landslið)
- Gull á heimslistamóti í Slóveníu (M.fl. landslið)
- Silfur á Evrópubikarmóti (U21.fl. landslið)
- Silfur á Norðurlandameistaramóti (U21.fl. landslið)
- Brons á Norðurlandameistaramóti (U21.fl. einstaklinga)
- Silfur á World Series (U21.fl. einstaklinga)
- Silfur á alþjóðlegu landsmóti í Sviss (U21.fl. einstaklinga)
- 7 sæti á World Series Open heimslista U21 2023

Freyja ekki langt frá því að tryggja sér 3 bronsverðlaun til viðbótar þar sem hún keppti í þremur brons úrslitaleikjum á

Evrópubikarmótum U21 á árinu í einstaklings og liðakeppni (tvisvar í Sviss í liðakeppni og blandaðri liðakeppni og einu sinni í Slóveníu í einstaklingskeppni). Einnig er vert að geta að þetta er í fyrsta sinn sem Íslendingur vinnur til verðlauna á Evrópubikarmóti ungmenna og í fyrsta sinn sem Íslendingur vinnur til verðlauna í World Series.

Freyja er sem stendur í 2. sæti á World Series Elite heimslista U21 alþjóðabogfimisambandsins World Archery og er í raun búin að tryggja sér þátttöku í úrslitamóti World Series í Frakklandi í janúar 2024, þar keppa topp 16 í heiminum um World Series Champion titilinn.

Vert er að geta að flokkurinn sem Freyja keppir í trissubogi kvenna er mjög sterkur á Íslandi. Trissuboga kvenna landsliðið í meistaraflokk, sem Freyja var einnig lykilmanneskja í, komst í 17. sæti á heimslista og 7. sæti á Evrópulista á árinu. Í liðinu eru stelpur sem hafa keppt til

verðlauna á EM, keppt á Evrópuleikum og keppt til margra alþjóðlegra verðlauna á minni mótum. Því þeim mun meira afrek fyrir Freyju að hafa náð titlinum Trissbogakona ársins í heimsklassa samkeppni á Íslandi.

Freyja er einn iðnasti þátttakandi í landsliðsverkefnum og keppti í 9 landsliðsverkefnum á árinu 2023.

Freyja er áætluð til keppni í fleiri en 10 landsliðsverkefni á árinu 2024, meðal annars:

- World Series innandyra undankeppni U21.fl. Frakkland
- World Series innandyra úrslitamóti U21.fl. Frakkland (Keppni World Series Champion titil)
- EM innandyra U21.fl. Króatía
- EM utandyra M.fl. Þýskaland
- EM utandyra U21.fl. Rúmenía
- NM utandyra U21.fl. Danmörk
- EB utandyra U21.fl. Búlgaría
- EB utandyra M.fl. Króatía



Sjálfstæðisfélag Kópavogs óskar bæjarbúum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.

Stjórn Sjálfstæðisfélags Kópavogs



*Yndislegu nágrannar,  
gledileg jól!*



## Árskort í golf

Árgjald veitir ótakmarkað spil á tveimur golfvöllum GKG

Úrval námskeiða fyrir byrjendur og lengra komna

Golf allt árið (Íþróttamiðstöðinni og Kórnum)

2 skipti frítt í golfherma (2 x hálf tími)

15 vinavellir

Mikil hjóna- og fjölskyldustemning

Öflugt barna- og unglíngastarf

[www.gkg.is](http://www.gkg.is)

# Rúmlega níu krónur af hverjum tíu til skóla-, velferðar- og æskulýðsmála í Kópavogi

Nýverið var fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2024 afgreidd í bæjarstjórn. Þar kennir ýmissa grasa enda komið víða við í rekstri bæjarfélags sem telur vel yfir 40 þúsund íbúa. Á tekjuhlíðinni er áherslan á að gæta hófs í skattlagningu og seilast ekki of langt ofan í vasa skattgreiðenda sem unnið hafa hörðum höndum fyrir sínum tekjum. Það kallar um leið á að horft sé agað á gjaldahlíðina og allra leiða sé leitað til að halda útgjöldum í skefjum. Í forgangs röðuninni á grunnþjónustan alltaf að vera í fyrsta sæti.

## Forsendur og viðmið á góðum stað

A hluti bæjarsjóðs er sá hluti rekstrar sveitarfélagsins sem fjármagnar sig á skatttekjum á meðan B hluti aflar tekna sinna með sölu vöru eða þjónustu á markaði (t.d. veitufyrirtækin). Heildartekjur A hluta Kópavogsbæjar árið 2024 áætlaðar rúmlega 52 milljarðar króna. Rekstrar- niðurstaða eftir afskriftir, fjármagns- kostnað og lífeyrisskuldbindingar er áætluð 221 milljón króna. Fjármuna- myndun í rekstrinum er allgóð og veltu frá rekstri A hluta áætlað 4.2 milljarðar. Gert er ráð fyrir fjárfestingu í innviðum og framkvæmdum fyrir rúma 6 milljarða króna árið 2024 og að nettó aukning langtímalána verði 1,8 milljarður. Þótt hér sé um aukningu að skulda að ræða þá er

Kópavogsbær vel innan allra marka í þeim efnum hvort sem horft er til greiðslu- getu, opinberra skuldaviðmiða eða heild- arskulda á hvern íbúa.

## Menntun, velferð og lýðheilsa taka til sín fjármagn

Þegar rekstrargjöldin eru skoðuð þá sést glögglega út á hvað rekstur bæjarfélags- ins raunverulega gengur. Rúmlega 90% af rekstrargjöldum renna til þriggja mála- flokka þ.e. menntamála (60%), velferðar- mála (19,5%) og íþróttar- og æskulýðsmála (12%). Í raun er ekki mikið eftir til skipt- anna því eftir standa því tæp 9% til samgöngumála, umhverfis- og skipulags- mála og menningarmála.

## Kraftur í fjárfestingu innviða

Í jafn umfangsmiklum rekstri og hér um ræðir er fjárfestingarþörfin afar mikil, bæði til viðhalds eldri mannvirkja og ný- framkvæmda. Áætlunin fyrir árið 2024 gerir ráð fyrir að fjárfestingar A hluta bæjarins verði rúmlega 6 milljarðar króna og þar kennir ýmissa grasa. Hér er stiklað á því allra stærsta:

- 550 milljónir renna til framkvæmda við leikskóla. Stærsta einstaka framkvæmdin er bygging nýs leikskóla við Skólatróð sem tekur til sín 350 milljónir.

- Áætlun gerir ráð fyrir rúmlega 1800 milljóna króna fjárfestingu í grunnskól- unum. Þar tekur bygging Kársnesskóla til sín 1500 milljónir. Vert er að geta þess að í þeirri byggingu verður líka rekinn leikskóli.

- Gert er ráð fyrir 1000 milljónum í fjárfestingu íþróttamannvirkja. Stærsta einstaka framkvæmd ársins 2024 verður nýr gervigrasvöllur vestan til þriggja mála- íþróttasvæði Breiðabliks sem áætlað er að kosti 400 milljónir króna. Nýtt gervigras veður lagt á Kórinn fyrir 100 milljónir og stefnt er að því að hefja framkvæmdir við nýjan keppnisvöll HK á árinu.

- Af öðrum framkvæmdum tengdum öðrum eignum bæjarins er stærsta einstaka verkefnið bygging nýs sambýllis við Kleifakór sem gert er ráð fyrir að taki til sín um 400 milljónir króna á árinu.

- Fjárfesting í gatnagerð og skipulags- málum er áætluð 1750 milljónir. Þar tekur mest til sín fjárfesting í gatna- og fráveitukerfi nýs hverfis í Vatns- endahvarfi eða um 1000 milljónir.

- Einnig má þess geta 250 milljónir eru áætlaðar í fjárfestingaáætlun til kaupa bæjarins á félagslegu íbúðarhúsnæði.



Orri Hlööversson

**Metnaður við krefjandi aðstæður**  
Fjárhagsáætlun Kópavogs fyrir árið 2024 er metnaðarfullt plagg þar sem hófs er gætt í álögum á íbúa sem margir hverjir eiga nóg með sitt í krefjandi efnahags- umhverfi. Áhersla er á að halda rekstrar- kostnaði í skefjum án þess þó að sú aðhaldsssemi bitni á grunnþjónustunni. Við sama tón kveður í fjárfestingum sveit- arfélagsins – þ.e til viðbótar við innviða- verkefni eins og götur og veitur þá er fjárfestingin mjög mikil í velferðar-, skóla- og íþróttamálum.

Orri Hlööversson  
Oddviti Framsóknar og  
formaður bæjarráðs

## Bæjarmolar



## Notaleg jóladagskrá á Bókasafni Kópavogs

Notaleg jóladagskrá verður í fjölnotasal Bókasafns Kópavogs föstudaginn 22. desember. Öll velkomin á meðan húsrúm leyfir.

## Jólaósidagskrá á bókasafninu

Kl. 11:00 Jólajógastund  
Kl. 12:00 Jólasöngstund með Margréti Eir  
Kl. 13:00 Jólasögustund: Þegar Tröllli stal jóluum  
Kl. 14:00 Jólalíó: Mikki um jólin (e. Mickey's Once Upon a Christmas)



**SCHENKER**  
flutningsmiðlun



Okkar bestu jóla- og nýárskeðjur

Þökkum samstarfið á árinu og óskum öllum velfarnaðar á nýju ári

DB SCHENKER á Íslandi

Vefsíða Kópavogspóstisins **kgp.is**

Fylgdu okkur á: **Facebook.com/Kopavogsposturinn**  
**Twitter.com/Kopavogspostur** eða **Instagram.com/Kopavogsposturinn**



Íþróttafélagið Gerpla óskar  
iðkendum, aðstandendum, samstarfs- og styrktaraðilum sem  
og Kópavogsbúum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári!

Þökkum ánægjulegt samstarf, góðan stuðning  
og gleðilega samveru á árinu sem er að líða.

Stjórn og starfsfólk Gerplu



Sendum Kópavogsbúum og viðskiptavinum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og farsæld á komandi ári

**NORMX**

**Dressmann®**

**RAFHOLT**

[www.rafholt.is](http://www.rafholt.is)

**Arion banki**

## Um 700 manns skrifuðu undir áskorunina um helgaropnun

Félag eldri borgara í Kópavogi hefur skorað á bæjaryfirvöld að hafa helgaropnun á félagsheimilum eldri borgara í Kópavogi og nú liggja fyrir niðurstöður úr undirskriftasöfnun FEBK með áskorun til bæjarstjórnar Kópavogs um að hafa félagsheimili eldri borgara opin um helgar.

Um 700 manns skrifuðu undir áskoruna og búið er að afhenda bæjarstjórn undirskriftalista ásamt bréfi frá FEBK. „Eitt af baráttumálum Félags eldri borgara í Kópavogi er að útrýma einsemd og einveru eldra fólks eins og mögulegt er. Óumdeilt skref í þá átt er að hafa félagsheimili eldri borgara opin um helgar, en þær eru kviðafni fyrir marga, sérstaklega þá sem búa einir. Það er því félaginu mikil vonbrigði að bæjarstjórn Kópavogs ætli ekki að verða við eðlilegum og sanngjörnum óskum okkar um að hafa félagsheimilin opin um helgar. Í stað þess er áformað að hvert félagsheimili verði aðeins opið einn laugardag í mánuði, 4



Það er ávallt nóg um að vera á félagsheimilum eldri borgara í Kópavogi

klst. í senn,” segir Baldur Þór Baldvinsson f.h. Félags eldri borgara í Kópavogi og bætir við: „Þessi ákvörðun kemur alls ekki til móts við þær hugmyndir sem Félag eldri borgara í Kópavogi hefur um opnun félagsheimilanna um helgar og telur að endurspegli þarfir eldra fólks í bænum.”

Félag eldri borgara í Kópavogi fer þess á leit við bæjarfulltrúa í Kópavogi að þeir sýni hug sinn til eldri borgara í verki og hlusti og taki mark á því sem 700 manns hafa þegar sýnt með undirskriftum sínum.

Félagið skorar á bæjarstjórn Kópavogs að hafa félagsheimili eldri borgara opin a.m.k. hluta úr degi alla laugardaga.

## Jól & næs í Salnum

Í fyrra kom þessi frábæri hópur tónlistarfólks saman, Jónas Sig, Ragga Gísla, Hildur Vala, Jón Ólafsson og Ingibjörg Turchi og flutti uppáhalds jólalöginn fyrir tónleikagesti í Salnum og nú ætla þau að mæta aftur og vera með tónleika í Salnum föstudaginn 22. desember nk. Þau koma úr ýmsum áttum og prógrammið er því æði fjölbreytt og jafnvel ófyrirsjáanlegt! Upplifðu næs jólastund með frábæru tónlistarfólki við bestu aðstæður. Jól & næs! Miðinn kostar 8.000 - 9.900 KR.




*Við óskum Kópavogsbúum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári*



*Framsókn i Kópavogi*



# MÓTX SENDIR KÓPAVOGSBÚUM JÓLA OG NÝJÁRSKVEDJUR



*MótX*



# Karamellugljáður hamborgarhryggur á aðfangadagskvöld

Jón Örn Stefánsson matreiðslumeistari í Kjötkompaní gefur góð ráð fyrir jólahátíðina

Fyrir ári síðan gaf Jón Örn Stefánsson, matreiðslumeistari og eigandi Kjötkompaní út veglega bók er hann nefnir Hátíðarveisla, en þar er að finna um 45 uppskriftir og eldunarleiðbeiningar af forréttum, aðalréttum og eftirréttum.

„Það er okkar metnaður að framleiða hágæða vörur úr besta fánlega hráefni á hverjum tíma. Með þessari bók þá langar okkur að reyna að hjálpa til við að þið náðið sem allra bestum árangri við eldamennskuna heima. Í Kjötkompaní starfar hópur frábærra starfsmanna og fagmanna sem hafa áratuga reynslu á bakinu og erum við því líkt stolt af okkar frábæra hóp. Við óskum ykkur gleðilegrar hátíðar og hlökkum til að veita ykkur okkar allra bestu þjónustu áfram,” segir Jón Örn, en meðfylgjandi er uppskrift og eldunarleiðbeiningar fyrir vinsælasta jólamatinn á aðfangadagskvöld, hamborgarhrygginn að sjálfsögðu með rauðvínssósu og Waldorfsalati. Í eftirrétt býður Jón Örn upp á hvítsúkkulaði skyrmús með íslenskum bláberjum.

## KARAMELLUGLJÁÐUR HAMBORGARHRYGGUR

Stílið ofninn á 180°C. Setjið hrygginn í ofnskúffu með vatni sem nær upp á miðjan hrygg. Komið kjarnhitamæli fyrir í hryggnum og eldið þar til hitinn mælist 60°C á í kjarna. Tekur ca. 60 mín. Geymið soðið. Setjið karamellugljáa yfir hrygginn og eldið áfram þar til hitinn mælist 72°C í kjarna.

## KARAMELLUGLJÁI

1 bolli sykurl  
1/2 bolli vatn



1/4 bolli rjómi  
2 msk rauðvín

Sykur og vatn hitað saman á pönnu. Látið sjóða þar til sykurinn er orðinn ljósbrúnn á lit. Þá er rjóma og rauðvíni bætt saman við.

## RAUÐVÍNSSÓSA

150 gr. smjör  
1/2 tsk. pipar  
1 1/2 ltr. soð af hamborgarhryggnum  
1 bolli rauðvín  
1 bolli rjómi

## Kjötkraftur

2 tsk. púðursykur  
Smjörbolla - ca. 110 gr. hveiti og 75 gr. smjör.

Soðið af hryggnum er sett í pott. Rjóma, rauðvíni og kryddi bætt saman við. Þykkið með smjörbollu.

## WALDORFSALAT

4 stk græn epli  
1 stk. selleristöngull  
30 gr. majones  
50 gr. sýrður rjómi  
2 1/2 dl. rjómi  
25 stk. ca. af rauðum vínberjum  
2 msk. nýkreistur appelsínusafi  
2 msk. flórsykur

Majones og sýrðum rjóma er hrært saman. Rjóminn er þeyttur og blandað varlega saman við ásamt vínberjum, niðurskornum eplum og sellerí. Þetta er síðan



bragðbætt með flórsykri og appelsínusafa.

## Hvítsúkkulaði skyrmús með íslenskum bláberjum

Fyrir átta

500 ml rjómi  
125 gr sykur  
6 blöð matarlím  
500 gr skyr  
175 gr eggjarauður  
75 gr smjör  
700 gr hvítt súkkulaði  
200 gr aðalbláber

Hvítt súkkulaði brætt rólega yfir vatnsbaði og á meðan er rjómi létt þeyttur. Eggjarauður og sykur stífþeytt. Matarlím sett í kalt vatn og síðan leyst upp í volgu smjöri.

Bræddu súkkulaði er blandað við eggjablönduna, skyrri bætt við og því næst

Jón Örn Stefánsson matreiðslumeistari í Kjötkompaní



smjöri og matarlími. Rjómanum er blandað varlega saman við skyrblönduna. Að lokum er frosnum aðalbláberjum blandað varlega saman við með sleif. Setjið í form eða skammtíð í lítil glös og látið standa í kæli í ca 12 klst áður en borið er fram.

Verði ykkur að góðu og njótið vel. Gleðilega hátíð. Jón Örn Stefánsson

**MIÐFLOKKURINN**

**SENDIR KÓPAVOGGSBÚUM HUGHEILAR ÓSKIR UM GLEÐILEG JÓL OG FARSÆLD Á NÝJU ÁRI**

**Digranes- og Hjallakirkja  
Jól og áramót**

**24.12 Aftansöngur í Digraneskirkju kl. 18**  
Kammerkór Digraneskirkju

**24.12 Aftansöngur í Hjallakirkju kl. 18**  
Kór Hjallakirkju

**25.12 DIGRANESKIRKJA KL. 11**  
KVENNAKÓR KÓPAVOGS

**26.12 HJALLAKIRKJA KL. 11**  
KÓR HJALLAKIRKJU OG SKÓLAKÓR SMÁRASKÓLA

**27.12 DIGRANESKIRKJA KL. 14**  
HELGISTUND MEÐ SÖNGVINUM

**31.12 HJALLAKIRKJA KL. 17**  
KÓR HJALLAKIRKJU

**1.1 DIGRANESKIRKJA KL. 14**  
KAMMERKÓR REYKJAVÍKUR

**Gleðileg jól**  
**Starfsfólk og sóknarnefndir**



DIGRANESKIRKJA  
HJALLAKIRKJA



Kópavogsbær

# Taktu þátt í vali á íþróttafólki

## Hægt verður að kjósa á heimasíðu Kópavogsbæjar,

Hér má sjá þær íþróttakonur í Kópavogi sem eru í kjöri og skarað hafa framúr árið 2023


### Birna Kristín Kristjánsdóttir

#### Frjalsar íþróttir - Breiðablik

Birna Kristín er Íslandsmeistari kvenna í 60m grindarhlaupi innanhúss.

Í langstökki, hennar aðalgrein hefur hún átt mög gott ár og stökkið margt yfir 6 metra, lengst stökk hún 6.11 metra sem er aðeins einum sentimetra frá íslandsmeti U23 í greininni.

Einnig er hún margfaldur aldursflokksmeistari og bikarmeistari í fjölda greina. Birna Kristín tók þátt í tveimur landsliðsverkefnum á árinu Evrópubikar landsliða og Smáþjóðaleikunum, þar sem hún hafnaði í 3 sæti í langstökki og 4 sæti í 100m grindarhlaupi.



### Freyja Dís Benediktsdóttir

#### Bogfimi - Boginn

Freyja Dís Benediktsdóttir átti glæsilegt ár. Hún var valin Trissubogakona Bogfimisambands Íslands árið 2023 og er þetta í fyrsta sinn sem Freyja hreppir titilinn. Hún vann 7 íslandsmeistararitla á árinu, 5 í fullorðinsflokki og 2 í U21 flokki. Hún setti 5 íslandsmet í U21 árs flokki og tvö í fullorðinsflokki. Freyja varð fyrst Íslendinga til þess að vinna verðlaun á Evrópubikarmóti ungmenna en þar hafnaði hún í 2. sæti. Einnig vann Freyja silfur á World Series. Hún er sem stendur í 2. sæti á World Series Elite heimslista U21 alþjóðabogfimisambandsins og er búin að tryggja sér þátttöku í úrslitámótinu í Frakklandi í janúar 2024, þar keppa topp 16 í heiminum um World Series Champion titilinn.



### Herdís Björg Jóhannsdóttir

#### Hestamennska - Sprettur

Herdís er keppandi með U21 árs landsliðshóp hestamanna. Hún varð heimsmeistari í T1 í Ungmennaflokki á hestinum Kvarða frá Pulu sumarið 2023 og er yngsti keppandi sem hefur orðið Heimsmeistari í tölti frá upphafi.

Herdís Björg og Kvarði frá Pulu urðu einnig Íslandsmeistarar í Tölti T1 í unglingsflokki á Íslandsmóti og á Þónvör frá Lækjarbotnum varð hún Íslandsmeistari í Gæðingaskiði í unglingsflokki.

Herdís er fyrirmyndar hestakona, hvort sem er innan vallar eða utan.



### Sóley Margrét Jónsdóttir

#### Kraftlyftingar - Breiðablik

Sóley varð Evrópumeistari í kraftlyftingum þegar hún sigraði með yfirburðum í +84 kg. flokki kvenna með því að lyfta samanlagt 660 kg. Hún vann til gullverðlauna í bæði hnébeygju með 270 kg lyftu og í bekkpressu með 182,5 kg lyftu og svo silfurverðlaun í réttstöðulyftu með 207,5 kg.

Á Heimsmeistaramótinu í kraftlyftingum vann Sóley til silfurverðlauna í +84 kg flokki eftir harða baráttu um gullið með því að lyfta samanlagt 657,5 kg. Hún vann gullverðlaun í hnébeygju með 277,5 kg, silfurverðlaun í bekkpressu með 180 kg og bronsverðlaun í réttstöðulyftu 200 kg.



### Thelma Aðalsteinsdóttir

#### Áhaldafimleikar kvenna - Gerpla

Thelma átti sitt besta keppnisár frá upphafi 2023.

Hún varð Íslandsmeistari í fjölþraut kvenna og bikarmeistari með liði sínu Gerplu. Thelma varð Norður-Evrópumeistari á tvíslá auk þess að vinna sér inn keppnisrétt á Heimsmeistaramótinu, en þar gerði hún sér lítið fyrir og náði sínum hæðstu stigum í fjölþraut á alþjóðlegu móti.

Thelma stefnir ótrauð á að vinna sér inn sæti á Ólympíuleikunum í París 2024.



## Kópavogsbúar gæti kosið um íþróttafólki

Valið stendur á milli 10 íþróttamanna innsendum tilnefningum frá íþróttafélögum.

Rafræn íbúakosning um Íþróttakarlar og íþróttakonur  
<https://www.kopavogur.is/> frá 20. janúar

Niðurstaða kosninganna verður síðastgilt á fimmtudaginn 11. janúar 2024 þar sem veittar verða viðurkenningsbréfin.

# Kjöldi Kópavogs fyrir árið 2023



<https://www.kopavogur.is> frá 20. des. til 6. janúar

Kópavogsbær

Hér má sjá þá íþróttakarla í Kópavogi sem eru í kjöri og skarað hafa framúr árið 2023

## Vignir Vatnar Stefánsson

### Skák – Breiðablik

Vignir Vatnar hefur unnið ótal afrek á árinu en það stærsta var án efa að ná þeim áfanga að verða stórmeistari í skák.

Hann er sextándi stórmeistari Íslendinga. Hann varð Íslandsmeistari í skák á árinu og tefldi einnig fyrir hönd Ísland með landsliðinu í skák.

Vignir Vatnar er áberandi í íslensku skáklífi og er mikilvæg fyrirmynd fyrir ungmenni og börn sem æfa skák af kappi.

Á árinu stofnaði hann sinn eigin skákkennslu vef ásamt því að sinna afreksþjálfun í skák hjá Skákdeild Breiðabliks.



## Ingvar Ómarsson

### Hjólreiðar - Breiðablik

Ingvar varð bæði Íslands- og bikarmeistari í götuhjólreiðum og Cyclocross á árinu. Hann varð í 2. sæti á Íslandsmótunum í tímatöku, fjallahjólreiðum og maraþon fjallahjólreiðum. Einnig sigraði hann í Bláalónsprautinni og Westfjords Way Midnight Special.

Á erlendri grundu tók Ingvar þátt í tíu keppnum, þar af fjórum stórmótum. Má þar helst nefna Dirty Reiver sem Ingvar vann og var það áttundi sigur hans erlendis á ferlinum. Hann varð 15. í The Traka 200 km, náði 17. sæti í Swiss Epic (UCI S1 keppni). Ingvar tók þátt í tímatöku bæði á HM (52. sæti) og EM (28. sæti).



## Höskuldur Gunnlaugsson

### Knattspyrna - Breiðablik

Höskuldur hefur á liðandi tímabili farið fyrir liði Breiðabliks sem komst í riðlakeppni Sambandsdeildar UEFA fyrst íslenskra karla-liða. Liðið endaði einnig í 3. sæti í Bestu deild karla á árinu.

Höskuldur lék einn A landsleik á árinu gegn Svíþjóð, en í þeim leik var hann fyrirliði liðsins.

Hann er virkilega góð fyrirmynd fyrir yngri iðkendum félagsins, bæði hvað varðar ástundun en ekki síður hvernig hann kemur fram fyrir hönd félagsins.



## Sigurður Örn Ragnarsson

### Þríþraut - Breiðablik

Sigurður Örn Ragnarsson var valinn þríþrautarmaður ársins 2023 af Þríþrautarsambandinu en þetta er 6. árið í röð sem hann er valinn þríþrautarmaður ársins hjá ÞRFÍ.

Sigurður vann 5 af 6 bikarmótum sumarsins og varð Íslandsmeistari í ofursprettþraut og ólympískri þríþraut. Hann keppti jafnframt á heimsmeistaramótinu í Járnmanni (Ironman) og hafnaði í 82. sæti af 223.

Sigurður er samhlíða æfingum sínum aðalþjálfari Þríþrautardeildar Breiðabliks.



## Þetta haft áhrif og fólk ársins 2023

Það sem íþróttaráð Kópavogs valdi úr þessum. Kjósa má einn karl og eina konu.

Kópavogs 2023 verður á heimasíðu Kópavogsbæjar, frá 20. desember 2023 til 6. janúar 2024.

Þaðan kynnt á Íþróttahátíð Kópavogs kl. 17.30 í Salnum Kópavogi, þar sem verja vegna íþróttarársins 2023.

## Valgarð Reinhardsson

### Áhaldafimleikar karla - Gerpla

Valgarð er búinn að vera fremsti fimleikamaður landsins undanfarið ár og var 2023 engin undantekning. Hann er enn að bæta við sig í erfiðleika og stefnir á Ólympíuleikana í París á næsta ári. Valgarð varð Íslandsmeistari í fjölþraut og bikarmeistari með liði sínu Gerplu. Hann stóð sig vel á Evrópumótinu í Tyrklandi í vor og náði þar að tryggja sér sæti heimsmeistaramótinu sem fram fór í Belgíu. Hann keppti mjög vel á heimsbikarmótum á árinu og komst í úrslit á einu af hans uppáhaldsáhöldum gólfinu. Valgarð varð svo í 2. sæti á tvislá á Norður Evrópumótinu, síðasta móti ársins.



# Félag kvenna í Kópavogi bauð konum úr Kvenfélagi Garðabæjar á jólafund

Mættu með hnallþóru, jólatré, smákökur, marengs, brauðrétti, pekanböku, osta, súkkulaðitertur og gamla góða perutertan var á sínum stað!



**Félag kvenna í Kópavogi hélt glæsilegan jólafund á dögnum. Gestir á fundinum voru konur frá Kvenfélagi Garðabæjar.**

Félagskonur létu ekki sitt eftir liggja og mættu með hverja hnallþórana á fætur annarri, jólatré, smákökur, marengs, brauðrétti, pekanböku, osta, súkkulaðitertur og gamla góða perutertan var líka á sínum stað.

Hildur Sigurðardóttir prestur í Digranes- og Hjallakirkju sagði frá jólonum í sveitinni heima á Skinnastað í Norður- Þingeyjarsýslu og flutti jólahugleiðingu. Kristín Stefánsdóttir aðstoðarskólástjóri Tónlist-

arskóla Kópavogs ásamt flautusveit spilaði hugljúfa jólatóna og Nanna Rögnvaldardóttir matgæðingur kom og las upp úr bók sinni VALSKAN. Bókin er ekki matreiðslubók heldur segir hún frá lífi formóður hennar sem fædd var 1762 og er saga um harða lífsbaráttu, lausnir, þrautsegu og ástir.

Þá bauð Una María Óskarsdóttir, formaður Félags kvenna í Kópavogi fundarkonur að lúta höfði og minnst Stefaniu Maríu Pétursdóttir fyrrverandi forseta KÍ, en hún var félagskona í KFF.

Mikil gleði og ánægja var með jólafundinn og voru konur sérlega ánægðar með

hvornig tekist hefði að halda þessu unga félagi á lífi þrátt fyrir erfið ár meðan heimsfaraldur reið yfir.

Á fundinum voru helstu ráðakonur Kvenfélagasambands Íslands bæði fyrr og nú. Dagmar Elin Sigurðardóttir forseti KÍ, Sigurlaug Viborg fyrrverandi forseti KÍ, Una María Óskarsdóttir fyrrverandi forseti KÍ og nýr formaður Félags kvenna í Kópavogi. Jenný Jóakimsdóttir starfsmaður KÍ. Einnig fyrsti formaður FKK Bryndís Friðgeirsdóttir og Halldóra Björk Jónsdóttir formaður Kvenfélags Garðabæjar ásamt fríðu föruneyti.

Það má geta þess að servíettur jólafundarins voru til styrktar Kvenfélagið Grindavíkur.



Hildur Sigurðardóttir prestur í Digranes- og Hjallakirkju sagði frá jólonum í sveitinni heima á Skinnastað í Norður- Þingeyjarsýslu og flutti jólahugleiðingu



Silvra & Gull

**Bestu jóla og nýárskveðjur með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða**

Stelpurnar í  
18 Rauðum Rósum  
Hamraborg 3, Kópavogi. Sími 554 4818. [www.18raudarrosir.is](http://www.18raudarrosir.is)

18 RAUÐAR RÓSIR



ANNA MARÍA



BERTHA



BOGGA



EVA



FÍA



GYLFI



HILDUR



INGUNN



ÍRIS



LUKKA



MÁR



MAYA



BALDUR



SIGRÚN



VARGUR



Starfsfólk Bpro óskar viðskiptavinum um allt land gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári og þakkar fyrir góðar stundir á árinu sem er að líða.

bpro

BPRO HEILDVERSLUN - SMÍÐSBÚÐ 2 - 210 GARÐABÆ - SÍMI: 552-5252 - WWW.BPRO.IS

BEARD MONKEY - CIRÉPIL - COMFORT ZONE - DAVINES - FUDGE - HH SIMONSEN - JRL - LABEL.M - MARC INBANE - POPMASK - SKIN REGIMEN

# „Eitthvað fyrir alla“

## Ballettskóli Eddu Scheving býður m.a. upp á kennslu í Kópavogi

**Ballettskóli Eddu Scheving býður upp á kennslu á þremur stöðum, í Kópavogi, í Grafarvogi og í Skípholti.**

Vorönn hefst 13. janúar, skoða má allar upplýsingar á síðu skólans <https://bsch.is/> Ballettskóli Eddu Scheving er að fara inn í 63. starfsár sitt en skólinn var stofnaður árið 1961.

Ballettskóli Eddu Scheving sérhæfir sig í kennslu í klassískum ballett fyrir alla aldurshópa frá 2ja ára aldri en býður einnig upp á jazzballett og söngleikjadans fyrir forskóla og jazz/modern fyrir eldri nemendur. Ballett-fitness eru tímar fyrir fullorðna og svo eru Silfur-svanir sem er frábært prógramm fyrir 65 ára og eldri. Einnig býður skólinn upp á mat-pilates tíma.

Nýjungin hjá skólanum í ár er að bjóða upp á sér strákatíma fyrir aldurinn 3-9 ára.

**Við spurðum skólastjóran, Brynju Scheving af hverju að bjóða upp á sér strákatíma?** „Ég hef hugsað þetta lengi en læt nú verða af því að bjóða upp á þetta. Fyrir rúmum 20 árum eða svo vorum við beðnar um að sjá um ballettkennslu í leikskóla. Við byrjuðum eins við vorum vanar að skipta í hópa eftir árgöngum en við höfðum aldrei verið með eins marga stráka í sama hóp. Oftast eru kannski 1-2 strákar í hóp að meðaltali. En orkan sem fylgdi svona fjölmennum hóp var svo mikil og drengirnir þurftu bara meiri útrás og meira fjör. Svo við skiptum upp hópnum í sér stelpu- og sér strákahópa. Allir nutu sín betur, stelpurnar blómstruðu í rólegra umhverfi og strákarnir fengu meira prógramm við sitt hæfi þar sem þeir

þurftu að hreyfa sig meira, hoppa eins og superman eða leika dreka og rúlla eins og boltar sem dæmi.“ segir hún og bætir við: „Tækni- og undirstöðuæfingar eru að sjálfsögðu þær sömu hjá báðum hópnum og síðan voru æfingar sem hentuðu betur hvoru kyni um sig. Þannig fengu allir meira út úr tímanum. Ég held líka að þetta verði til þess að auka áhugann hjá fleiri strákum, þar sem þeim býðst að koma í sér strákatíma því einhverjum finnst kannski erfitt að koma og vera eini strákurinn í sínum hóp en svo hentar það auðvitað öðrum og að sjálfsögðu má áfram skrá sig í blandaða hópa.“

Við bjóðum einnig boðið upp á jazzballett/söngleikjadans og jazz/modern tíma fyrir alla.

Ballett fyrir fullorðna er skemmtilegt prógramm sem við höfum boðið upp á lengi og svo eru Silfursvanirnir eru frábærir tímar fyrir aldurinn 65 ára og eldri. Þar bjóðum við upp á mjúka og léttu tíma sem einkennast þó mest af tignarlegum hreyfingum, glæsileika og falletgri tónlist. Pilates tímarnir er frábært kerfi til að styrkja miðju líkamans. Tímarnir byggjast á styrktar- og jafnvægisæfingum og djúpvöðvaþjálfun. Svo það er eitthvað fyrir alla,” segir Brynja að lokum.



**Hvað er annað svona helst í boði hjá ykkur á komandi skólaári?** „Við erum með margt í boði eins og tímar frá 2ja ára og upp úr. Það er einstaklega gaman að kenna þessum yngstu en jafnframt afar krefjandi. En svo er svo gaman að sjá árangurinn og hvað þessir ungu nemendur ná að gera og herma eftir okkur. Þau öðlast styrk og öryggi, þjálfu jafnvægi og fínreyfingar um leið og þau fá að njóta sín í alls konar leikjum og dönsnum. Svo eykst þjálfun með hverjum stigi fyrir sig.“



Myndirnar sem fylgja eru teknar á nemendasýningu skólans í Borgar-leikhúsinu þar sem allir nemendur frá 3. ára aldri láta ljós sitt skína.



PÍRATAR Í KÓPAVOGI ÓSKA  
KÓPAVOGSBÚUM

Gleðilegrar hátíðar

OG FARSÆLS NÝS ÁRS





# Jól og áramót í Lindakirkju

## 24. desember - aðfangadagur jóla

### 16:00 Jólastund fjölskyldunnar

Bæði Barna- og Unglingagospelkór Lindakirkju syngja.  
Fluttur verður söngleikurinn *Gott ráð*, *Engilráð* og margt fleira.

### 18:00 Aftansöngur

Kór Lindakirkju syngur undir stjórn Óskars Einarssonar,  
Rolf Gaedeke og Ulla Nachtnebel leika á básúnu og hörpu.  
Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson þjónar.

### 23:30 Miðnæturmessa

Kór Lindakirkju syngur undir stjórn Óskars Einarssonar.  
Sr. Guðni Már Harðarson þjónar.

## 25. desember - jóladagur

**Við bendum á helgihald í öðrum kirkjum Kópavogs.**

Í stað guðspjónustu verður birt myndband með stuttri hugvekju og völdum jólasálmum og lögum á heimasíðunni kirkjunnar.

## 26. desember - annar í jólum

### 14:00 Sveitamessa

Jólasálmur með alþýðlegum blæ. Kór Lindakirkju.  
Óskar Einarsson stjórnar bæði kór og hljómsveit.  
Sérstakur gestur er tónlistarmaðurinn Grétar Lárus Matthfasson.  
Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson þjónar.

## 31. desember - gamlársgdagur

### 17:00 Hátíðarguðspjónusta

Kór Lindakirkju syngur undir stjórn Óskars Einarssonar.  
Gréta Salóme syngur og leikur á fiðlu.  
Sr. Guðni Már Harðarson þjónar.



# Drottning og Gosi vígð ásamt nýju snjóframleiðslukerfi

## Ný skíðamannvirki tekin í notkun í Bláfjöllum

Síðastliðinn laugardag fór fram vígsla og formleg opnun nýrra skíðamannvirka í Bláfjöllum. Við það tækifæri héldu fulltrúar sveitarfélaganna og framkvæmdaaðila stuttar tölur og gestir tóku sér ferð með nýrri stólalyftu og skoðuðu svæðið en veður var með fallegasta móti.

Um er að ræða nýju stólalyfturnar Drottningu og Gosa og nýtt snjóframleiðslukerfi sem hefur verið sett upp á svæðinu. Þá hefur aðstaða fyrir skíðagöngufólk verið stórbætt með nýrri salernisaðstöðu, snjógirðingum og lýsingu. Vonir standa til þess að framangreindar framkvæmdir stórbæti upplifun notenda af svæðinu svo og þess að unnt verði að fjölga opnungum með tilkomu snjóframleiðslu.

Eru þessar framkvæmdir samkvæmt samkomulagi um viðamikla uppbyggingu á skíðasvæðunum, en vinna vegna þess hefur staðið yfir á vettvangi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH)



Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri í Kópavogi önnur frá hægri ásamt bæjarstjórum og borgarstjóra í Bláfjöllum við vígsluna

allt frá árinu 2018, en þá var undirritað samkomulag eigenda skíðasvæðanna: Kópavogs, Reykjavíkur, Garðabæjar Hafnarfjarðar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness um endurnýjun og uppbyggingu mannvirka á svæðinu. Markmið þessara fram-

kvæmda er að bæta aðstöðu og þjónustu fyrir alla hópa skíðaiðkenda. Verkefnið í heild sinni hefur gengið vel og samkvæmt áætlunum.

Framleiðsla og uppsetning á nýjum skíðalyftum var í höndum austurríska fyrirtækisins Doppelmayr í samstarfi við ÍAV og ítalska fyrirtækið TechnoAlpin sá um framleiðslu og uppsetningu á snjóframleiðslubúnaði, einnig í samstarfi við ÍAV. Borun vinnsluholu vegna uppistöðulóns fyrir snjóframleiðslu var í höndum Ræktunarsambands Flóa og Skeiða. Verkefnastjórn var í höndum VSÓ Ráðgjafar í samstarfi við skíðasvæðin, SSH og sveitarfélögin.



## AS WE GROW

AF VIRÐINGU FYRIR VERÖLDINN

KLAPPARSTÍG 29 | ASWEGROW.IS

# Gleðilega hátíð

E

takk fyrir viðskiptin á árinu  
sem er að líða

ILVA Garðabæ - ILVA Akureyri - ILVA Selfoss

The image shows the interior of a restaurant. The ceiling is dark with several large, glowing, woven pendant lights in various shapes and sizes. The walls are made of vertical wooden planks. A large, lush green wall of plants is mounted on the wall, with a neon sign in the center that reads "spíran." in a stylized, lowercase font. The sign is illuminated with a warm orange glow, and there is a green neon light element to its right. In the foreground, there are dark wooden tables and chairs, some of which are partially visible.

spíran.

## Opnunartími

**Mán - Fös 11:00 - 20:00**

**Lau - Sun 10:30 - 17:00**



Álfabakki 6 - 517-3340

# Baldur Rafn hefur loksins fundið hina fullkomnu herravöru

## Sænska herramerkið Beard Monkey slær í gegn

Eftir margra ára leit að hinum fullkomnu herravörum hefur Baldur Rafn Gylfason, eigandi Bpro heildverslunar, loksins fundið þær einu réttu. „Sænska herramerkið Beard Monkey framleiðir hágæða vörur fyrir skegg, hár, andlit og líkama og eru vörurnar strax búnar að slá í gegn hér á landi meðal skeggjaðra sem og skegglausra.“ segir Baldur, en það er m.a. hægt að fá Beard Monkey á Klippistofunni í Bæjarlind Kópavogi.



Baldur segir vörurnar frá Beard Monkey henta breiðum hópi viðskiptavina bæði með skegg og án



Sweet Tobacco skeggolían mýkir og verndar bæði skegg og húð og er með mjúkum ilmi af sætu tóbaki

með að fólk kíkí á næsta sölustað til að skoða vöruúrvalið og þefa af þessum frábæru vörum.

Beard Monkey fæst meðal annars á Klippistofunni í Bæjarlind Kópavogi.



Nýju herra ilmvötnin Multon og Sublevo eru innblásin af Amazon frumskóginum.

Beard Monkey með fjögur herra ilmvötn en nýjustu tveir ilmirnir voru kynntir til leiks á dögunum – Multon og Sublevo.

Samkvæmt Baldri henta vörurnar frá Beard Monkey breiðum hópi viðskiptavina – bæði með skegg og án – og mælir hann



Beard Monkey er með fjöldan allan af fallegum gjafaöskjum sem eru fullkomnar í jólapakkann

# Trölli stal jólunum í Vatnsendaskóla



Í desember settu nemendur í 6. árgangi í Vatnsendaskóla upp leikritið Trölli stal jólunum.

Leikritið fjallar um jólaandann og Trölla sem líkar ekki mjög vel við jólin. Umsjónarkennarar árgangsins Jóhanna Bryndís Þórisdóttir, Kristín Helga Einarsdóttir, Rákel Fjeldsted Jóhannesdóttir og

Sóley Ásta Karlsdóttir settu upp verkið með nemendum ásamt tónlistakennara skólans Jónínu Wilkins.

Nemendur og kennarar gerðu þetta með miklum metnaði og glæsibrag. Mikil gleði og litadýrð einkenndu sýninguna og sáu nemendur um alla sviðsmynd og tónlist. Foreldrum og nemendum



## Happy socks áskrift er fullkomin í jólapakkann, sokkappar í hverjum mánuði!


Þú finnur gjöfina fyrir fjölskylduna í einu versluninni sem sérhæfir sig í sokkum fyrir alla.

Sokkabúðin Cobra er með vörur frá:  
Happy Socks II Falke II Wolford II Bleuforêt  
Kikk Reykjavík II Burlington II Esprit

Sjáumst á Garðatorg eða kíktu inn á [cobra.is](http://cobra.is) og kláraðu jólagafirnar

sokkabúðin  
**cobra**

Garðatorgi 4 || [cobra.is](http://cobra.is)



# Jól og áramót í Kópavogskirkju

**Verið velkomin í Kópavogskirkju um jól og áramót. Takið dagskrána og geymið.**

## Aðfangadagur

**24. desember kl. 15.00. "Beðið eftir jólnum."**

Góð stund fyrir gjafaspennta krakka og fjölskyldur þeirra.  
Sunnudagaskólinn og Sr. Sigurður Arnarson leiða stundina. Skólakór Kársness syngur.

**24. desember kl. 18.00. Aftansöngur á aðfangadag.**

Ásta Ágústsdóttir, djákni prédikar og Sr. Sigurður Arnarson þjónar fyrir altari.  
Kór Kópavogskirkju syngur og organisti er Elísa Elíasdóttir. Daníel Absalón Ramírez Rodríguez leikur á klarínett.

**24. desember kl. 23.30. Miðnæturguðsþjónusta.**

Sr. Grétar Halldór Gunnarsson prédikar og þjónar fyrir altari.  
Kór Kópavogskirkju syngur og organisti er Elísa Elíasdóttir

## Jóladagur

**25. desember kl. 14.00. Hátíðarguðsþjónusta á jóladag.**

Sr. Grétar Halldór Gunnarsson prédikar og þjónar fyrir altari.  
Kór Kópavogskirkju syngur og organisti er Elísa Elíasdóttir

**25. desember kl. 15.15. Hátíðarguðsþjónusta á jóladag á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð.**

Sr. Grétar Halldór Gunnarsson prédikar og þjónar fyrir altari. Kór Kópavogskirkju syngur og organisti er Elísa Elíasdóttir

## Áramót

**31. desember kl. 18.00. Aftansöngur á gamlársgl.**

Sr. Sigurður Arnarson prédikar og þjónar fyrir altari. Kór Kópavogskirkju syngur og organisti er Elísa Elíasdóttir

**1. janúar 2023 kl. 14:00. Hátíðarguðsþjónusta á nýársdag.**

Sr. Grétar Halldór Gunnarsson leiðir guðsþjónustuna. Kór Kópavogskirkju syngur og organisti er Elísa Elíasdóttir.

# Jólaball Kópavogskirkju



## Stjórnendur Hörðuvallaskóla buðu nemendum upp á kakó og piparkökur

Síðustu daga hafa stjórnendur Hörðuvallaskóla heimsótt alla bekki til að bjóða upp á heitt kakó og piparkökur og hefur það fallið vel í kramið hjá nemendum.

Í vikunni áður fengu nemendur í 2. – 6. bekk Hörðuvallaskóla líka heimsókn frá

bókasafnskennaranum sem las fyrir krakkana jólasögur. Fyrirkomulagið á jólasögustund 1. og 7. bekkjar var hins vegar með öðru sniði. Fjórtán sjálfboðaliðar úr hópi 7. bekkinga undirbjuggu upplestur á jólasögunni „Einstakt jólatré“ fyrir 1. bekk og lesturinn fór fram viðs vegar um skólann, þar sem 1. bekkingar

fóru á milli 14 stöðva til að heyra alla jólasöguna. Að því loknu hjálpuðu 7. bekk-ingarnir stjórnendum að úthluta kakó og smákökum inni í 1. bekk. Þessi „jólasöguratleikur“ heppnaðist mjög vel og öll voru sammála um að stundin hefði verið skemmtileg tilbreyting.



Jólahljómsveit æskulýðsfulltrúanna var í háum gæðaflokki

Það var fullt hús af börnum, foreldrum, ömmum og öfum á jólaballinu sem fram fór í safnaðarheimili Kópavogskirkju nú á adventunni.



Jólasveinunum var margt til lista lagt

Eftir vel heppnaða fjölskylduguðsþjónustu var fjölmennt í safnaðarheimilið þar sem jólatré og jólahljómsveit tók á móti börnunum, Börnin þurftu síðan ekki að dansa lengi í kringum jólatréð áður en jólasveinar tveir komu í heimsókn, Kertasnikir og Skyrgámur. Þeim var margt til lista lagt, því þeir sýndu töfrabrögð og grínuðust í börnunum áður en þeir loks færðu þeim sælgætispoka. Heyrst hefur að sumir foreldrar hafi jafnvel notið góðs af sælgætinu. Áður en krakkarnir héldu brosandí út um dyrnar fengu þau tækifæri á að mynda sig í faðmi jólasveinanna.

# SPARIÐ 20-70%

## AF ÖLLUM JÓLAVÖRUM



HK óskar landsmönnum öllum  
gleðilegra jóla og farsældar  
á komandi ári

Við þökkum  
fyrir ómetanlegan  
stuðning á árinu

# Boðið upp á lágpröskuldapjónustu með áherslu á stuðning, fræðslu og ráðgjöf

## Bergið headspace og Molinn miðstöð unga fólksins í samstarf!

Kópavogsbær og stuðningsetrið Bergið headspace undirrituðu nýverið samstarf um þjónustu í Molanum miðstöð unga fólksins.

Ráðgjafi á vegum Bergsins headspace mun hafa viðveru alla miðvikudaga frá kl. 9.00-12.00 í húsnæði Molans við Hábraut 2, 2.hæð. Þjónustan er þannig uppbyggð að ungmenni á aldrinum 16-25 ára, geta óskað eftir þjónustu og fengið viðtal við ráðgjafa með skömmum fyrirvara. Ráðgjöf getur einnig verið fjarráðgjöf í gegnum Kóru Connect. Tvær skráningarleiðir eru í boði.

Fara á [www.bergid.is](http://www.bergid.is) og óska eftir þjónustu - setja í athugasemdadálkinn að viðkomandi vilji hitta ráðgjafa í Molanum í Kópavogi.

Starfsmenn Molans aðstoða ungmenni sem á þurfa að halda að finna lausan tíma hjá Berginu headspace.

**Kópavogspósturinn spurði þær Sigurþóru Bergsdóttur framkvæmdastjóra Bergsins og Guðbjörgu Fjólu Halldórsdóttur ráðgjafa á vegum Bergsins hvert sé markmiðið með þjónustu Bergsins?** „Markmið Bergsins er að bjóða upp á lágpröskuldapjónustu með áherslu á stuðning, fræðslu og ráðgjöf. Ráðgjöfin á forsendum hvers og eins og við aðlöguðum þjónustuna að hverjum og einum. Ungmennin stýra ferðinni. Í Berginu er lagt upp með að skapa notalegt og



Sigþóra Bergsdóttir framkvæmdastjóri Bergsins

öruggt umhverfi fyrir ungt fólk sem vill fá aðstoð fagfólks með fjölbreytta reynslu,” segir Sigurþóra.

**Fyrir hverja er þjónusta Bergsins?** „Bergið er stuðning - og ráðgjafasetur fyrir ungt fólk frá 12 – 25 ára. Þjónustan er fyrir alla sem þurfa að tala við óháðan aðila um tilfinningar, upplifanir eða hvað annað sem liggur á hjarta. Ekkert vandamál er of stórt eða of lítið,” segir Guðbjörg.

**Af hverju ætti ungt fólk að nýta sér þjónustuna?** „Það er mikilvægt að tala um líðan og tilfinningar. Stundum er erfitt að tala við foreldra eða vini um hvernig manni líður og þá getur verið gott að tala við óháðan aðila sem getur leiðbeint og frætt. Þjónustan miðar að því að efla þekkingu ungmenna á eigin líðan. Oft þarf



Guðbjörg Fjóla

bara að koma einu sinni til að líða betur, en stundum þarf að koma oftar – það er algjörlega á forsendum hvers og eins. Það kostar ekkert að koma til okkar í ráðgjöf,” segir Guðbjörg að lokum.

# Samningur um áfangaheimili í Dalbrekku endurnýjaður



Á myndinni eru frá vinstri, Tryggvi K. Magnússon, forstöðumaður áfangaheimilisins, Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri og Edda Jónsdóttir framkvæmdastjóri Samhjalpar

**Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs og Edda Jónsdóttir framkvæmdastjóri Samhjalpar skrifðu undir samning um áframhaldandi rekstur á áfangaheimili við Dalbrekku í Kópavogi, í síðustu viku.**

færni og getu til að takast á verkefni hvers dags. Langtíma markmiðið er að íbúar tileinki sér heilbrigðari lífsstíl, auki færni sína til þátttöku í venjubundnu lífi með virkni, launuðu starfi eða námi og öðlist færni til sjálfstæðrar búsetu.

Áfangaheimilið tók til starfa í loks árs 2017 og geta alls átta karlar verið þar í búsetu.

Samráð og samstarf er viðhaft um mál efni íbúa og hefur félagsráðgjafi vel ferðarsviðs reglubundna viðveru á heimiliinu.

Dalbrekka er hugsað sem tímabundið heimili þar sem íbúi fær einstaklingsmiðaða þjónustu sem felur í sér stuðning, leiðsögn, kennslu og eftirfylgd til að ástunda edrúmennsku og byggja upp bata, koma á rútinu í daglegu lífi og efla

Samstarf Kópavogsbæjar við Samhjalpar hefur verið farsælt og mjög góður árangur verið af starfi áfangaheimilisins.

Nýr samningur gildir til ársloka 2025.

*Gledilega hátíð*

Gleðilega hátíð og farsælt komandi ár með þökk fyrir ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða.

www.skolamatur.is @skolamatur @Skolamatur ehf

SKÓLA MATUR



ÍSLANDS  
HÓTEL



FOSSHOTEL



# 17 HÓTEL UM ALLT LAND GJAFABRÉF ÍSLANDSHÓTELA



GEFÐU GJÖF  
SEM GLEÐUR  
– Verð frá 21.900 kr. –

- Gisting með morgunverði
- Gisting með morgun- og kvöldverði
- Sérniðin gjafabréf

Hentar einnig vel í  
fyrirtækjagjafir

ÍSLANDSHÓTEL

[ISLANDSHOTEL.IS/GJAFABREF](https://islandshotel.is/gjafabref)



Sendum Kópavogsbúum og viðskiptavinum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og farsæld á komandi ári

**FAGSMÍDI** ehf.

**FISKA**  
Lífandi verslun.

**dagur**

**málning**

**MANNVIT**

**Tempo**  
ALHUDA  
INNROMMUN

**TENGI**

**Ú**  
ÚRVAL ÚTSÝN

**HAGBLIKK**

**Sérverk ehf**

**S·GUÐJÓNSSON**

**RAFGEISLI**  
RAFVERKTAKAR EHF.

**ER BÍLSÆTID RIFIÐ ?**

Bílsætaviðgerðir, motorhjóla og snjósléðasæti. Husbílaklæðningar og öll almenn bálstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á [www.hsbolstrun.is](http://www.hsbolstrun.is)

**Formbólstrun**  
Hamraborg 5 Kóp., Hamrabrekkumegin S. 544 5750 [www.hsbolstrun.is](http://www.hsbolstrun.is)

**Rafport**

**EGILSHÖLLIN**  
Stærsta íþrótt og afþreyingarmiðstöð landsins

**N1**

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

# Matvælin best komin í höndum Mæðrastyrksnefndar Kópavogs

Nýlega áskotnaðist Félagi eldri borgara í Kópavogi nokkuð magn af frosnu hangikjöti, kalkúnabringum, grænmeti o.fl.

„Það var ákveðið að þessi matvæli væru best komin í höndum Mæðrastyrksnefndar Kópavogs til úthlutunar til skjólstaðinga nefndarinnar núna fyrir jólin. Mæðrastyrksnefnd Kópavogs samanstendur af frábærum konum sem leggja nefndinni lið gegnum sjálfböðavinnu. Við hvetjum félagsmenn FEBK til að láta eitt-hvað af hendi rakna til nefndarinnar hafi þeir tök á því,“ sögðu þeir Baldur og Geir félagar í FEBK, en hægt er að fá nánari upplýsingar hér: <https://maedro.is/framlog-og-styrkir/>



Frá afhendingu gjafarinnar! F.v. Guðrún Björg Tómasdóttir ritari Mæðrastyrksnefndar, Geir Þórðarson og Baldur Þór Baldvinsson frá FEBK og Anna Kristjánsdóttir formaður Mæðrastyrksnefndar Kópavogs

## Kópavogur aftur tilbúin að taka fyrsta skrefið í átt til aukins jafnréttis

- segir Gunnar Guðmundsson, en nú er hægt að velja Íþróttakonu, Íþróttakar og Íþróttakynsegin Kópavogs

Íþróttaráð Kópavogs samþykkti á dögunum tillögur Pírata um breyttar reglur um kjör á íþróttafólki ársins. Nú er í fyrsta sinn opnað fyrir tilnefningar kynsegin fólks en hingað til hefur aðeins verið hægt að tilnefna konur og karla.

Kópavogspósturinn spurði Gunnar Guðmundsson, íþróttafulltrúa Kópavogs hvort og hvaða áhrif þetta hefði á Íþróttahátíð Kópavogs, en nýlega var lokað fyrir tilnefningar á íþróttafólki Kópavogs fyrir árið 2023? „Í raun breytir þetta ekki miklu varðandi hátíðina sjálfa. Framkvæmdin verður með svipuðum hætti og verið hefur undanfarin ár, það bætist bara við þriðji flokkurinn,“ segir Gunnar.

Verður þá í ár Íþróttakona og -karl valinn ásamt Íþróttakynsegin Kópavogs? „Það er allavega búið að opna fyrir þann möguleika. Valið í öllum flokkum veitur þó alltaf á þeim árangri sem næst hverju sinni í hverjum flokki fyrir sig og hvort hann sé nægilega góður til að hljóta titilinn. Árið 1998 var Kópavogsbær eitt fyrsta sveitarfélagið til að tilnefna Íþróttakar og Íþróttakonu, áður hafði aðeins verið veitt viðurkenning fyrir „Íþróttamann ársins“. Þetta þótti bylting



Íþróttafólk Kópavogs 2022! Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri, Sóley Margrét Jónsdóttir, íþróttakona Kópavogs árið 2022 og Sverrir Kári Karlsson formaður íþróttaráðs Kópavogs. Höskuldur Gunnlaugsson var staddur erlendis og gat því ekki tekið við viðurkenningu sem íþróttakar ársins 2022

á þeim tíma en þykir sjálfsagt í dag. Aftur er Kópavogur tilbúin að taka fyrsta skrefið í átt til aukins jafnréttis.”

Nú eru 10 kynsegin eða annað skráðir í Kópavogi samkvæmt gögnum Þjóðskrár og það er ekki enn keppt í mörgum kynsegingreinum hérlendis og þá fáir einstaklingar sem taka þátt. Hvernig útfærið þetta, við hvað miðast árangurinn og þarf einhvern lágmarksfjölda þátttakanda svo hægt sé að tilnefna? „Þetta er fyrst og fremst réttindamál og snýst um að gefa jöfn tækifæri. Ef við

eigum íþróttafólk sem er kynsegin og er að ná góðum árangri á það að eiga sömu möguleika á að fá viðurkenningu fyrir sinn árangur eins og aðrir. Þetta snýst því ekki um fjölda heldur jöfn tækifæri,“ segir Gunnar að lokum, en fyrir íþróttahátíð Kópavogs, sem fer fram 11. janúar á næsta ári, þá er engin kynsegin sem kemur til greina sem íþróttakynsegin Kópavogs 2023, en í gær, 20. desember, hófst netkosninga á íþróttafólki ársins í Kópavogi fyrir árið 2023 og hafa fimm konur og fimm karlar verið tilnefnd. Hægt er að kjósa á heimasíðu Kópavogs.



### SKRÁNING HAFIN

Ballett frá 2ja ára - Jazzballett  
Ballett-fitness - Silvursvanir 65+ ára  
Mat-pilates og 20-30 ára advanced

**NÝTT! Sér strákatímar**

**BALLETTSKÓLI**  
**EDDU SCHEVING**

Skipholt · Kópavogur · Grafarvogur

# Jólasund í sundlaugum Kópavogs

## Um jól og áramót er opið sem hér segir:

		Sundlaug Kópavogs	Salalaug
Þorláksmessa	23. des.	08:00–18:00	08:00–18:00
Aðfangadagur	24. des.	08:00–12:00	08:00–12:00
Jóladagur	25. des.	Lokað	Lokað
Annar í jólum	26. des.	08:00–18:00	08:00–18:00
Gamlársdagur	31. des.	08:00–12:00	08:00–12:00
<b>Nýársdagur</b>	<b>1. jan.</b>	<b>10:00–18:00</b>	<b>10:00–18:00</b>

Annars er opið sem hér segir:  
virka daga  
um helgar

06:30–22:00  
08:00–18:00

06:30–22:00  
08:00–18:00

BYRJADU  
NÝJA ÁRIÐ  
Í SUNDI



## Sundlaugar Kópavogs

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

**Sundlaug Kópavogs**  
Borgarholtsbraut 17-19  
Sími 441 8500

**Salalaug**  
Versölum 3  
Sími 441 8600





Sendum Kópavogsbúum og viðskiptavinum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og farsæld á komandi ári

**Varmi**  
Við réttum og sprautum  
Auðbrekku 14 Kópavogi - S: 564 2141  
www.varmiehf.is

**GARMIN**

Félag eldri borgara í Kópavogi

**BYKO**  
GERUM ÞETTA SAMAN

Hreint RÆSTING

JS-HÚS ehf.

KFC

UNGMEÑNAHÚS

Smáragarður

ALP GÁK  
BÍLAVERKSTÆÐI  
RETTINGAR - SPRAUTUN

F HÚS  
Byggingaverktaki

**Reginn**  
FASTEIGNAFÉLAG

**NÝMÓTI**  
BYGGINGAVERKTAKAR

TOYOTA

**FRÖST**

JÁRNSMIÐJA ÓÐINS ehf.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða



## Húsfyllir á jólatónleikum kóra Smáraskóla

Jólatónleikar kóra Smáraskóla voru haldnir á dögnum fyrir húsfylli. Fram komu Skólakór, Barnakór og Krílakór skólans sem Ásta Magnúsdóttir tón-

menntakennari stýrir. Jóralöggin hafa verið æfð frá september og börnin kosið um hvaða lög skuli syngja á tónleikum. Barnakór og Skólakór sungu

siðan í upptöku á messu í Digraneskirkju sem útvarpað verður á annan í jólum.



## Vill sorptunnan þín komast í öruggt skjól?

þarft þú til dæmis að:

- Láta loka steypa sorptunnuskýlinu þínu með loki og hurð?
- Koma þriðju sorptunnunni í gott skjól?
- ...Eða eru allar tunnurnar þínar skjóllaugar fyrir veðri og vindum?

Við hjá Hefestus ehf. sérhæfum okkur í frágangi sorpskýla. Við bjóðumst til að heimsækja fólk og skoða hvort við getum hjálpað til við að koma sorptunnum heimilanna í gott skjól.

Hér eru nokkur dæmi um okkar verk...



Heimsæktu okkur inn á hefestus.is og sendu okkur fyrirspurn. Við komum, skoðum og bjóðum þér verð í góða lausn.

HEFESTUS

Sími 662-6519 / hefestus.is

# ALVÖRU UPPLIFUN Í JÓLAGJÖF



## RICK ASTLEY

1. – 4. MARS  
VERÐ FRÁ 189.900 kr.

8 SÆTI LAUS



## ABBA Í LONDON

12. – 15. APRÍL  
VERÐ FRÁ 179.900 kr.

14 SÆTI LAUS



## BORGARFERÐ TIL RÓMAR

24. – 28. APRÍL  
VERÐ FRÁ 199.900 kr.

LAUS SÆTI



## MAN UTD vs ARSENAL

1.-4. MAÍ 2024  
VERÐ FRÁ 219.900 kr.

4 SÆTI LAUS



## DRAUMAFERÐ TIL ÍTALÍU

4. – 8. JÚLÍ  
VERÐ FRÁ 249.900 kr.

LAUS SÆTI



## MAN CITY vs MAN UTD

1. – 4. MARS  
VERÐ FRÁ 199.900 kr.

6 SÆTI LAUS



## LIVERPOOL vs BRIGHTON

29. MARS – 1. APRÍL  
VERÐ FRÁ 189.900 kr.

16 SÆTI LAUS



## LIVERPOOL vs TOTTENHAM

3. – 7. MAÍ  
VERÐ FRÁ 209.900 kr.

8 SÆTI LAUS



## HAMINGJA OG HEILSA

TOSSA DE MAR 20. – 27. MAÍ  
VERÐ FRÁ 259.900 kr.

LAUS SÆTI



## ANDRE RIEU Í MAASTRICHT

11. – 14. JÚLÍ  
VERÐ FRÁ 219.900 kr.

4 SÆTI LAUS



## KNATTSPYRNUSKÓLI VISITOR Í BOLTON

ÆFÐU EINS OG ATVINNUMAÐUR

279.900 KR. Á MANN (GERIÐ VERÐSAMANBURÐ!)

**Visitor**  
FERÐASKRIFSTOFA

Hamraborg 20a Sími 578 9888 hopar@visitor.is



Sendum Kópavogsbúum og viðskiptavinum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og farsæld á komandi ári



Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

# Jólaverkstæði fyrir börn og foreldra

Sú nýbreytni var á Austurkór þetta árið að hafa jólaverkstæði fyrir börn og foreldra.

Það var ákveðið að setja upp sex stöðvar í leikskólanum með fjölbreyttum efnivið. Einnig voru settar upp hugmyndir til að styðja við sköpunarferli barna og foreldra. Jafnframt var boðið upp á fræðslu um leikskólann okkar og gátu gestir og gangandi komið inn í sal hjá okkur og fengið sér djús og kleinur og fræðst um skólann í leiðinni. Mikill jólaandi ríkti í húsinu og var þetta frábær stund í alla staði. Bæði börn, foreldrar og starfsmenn voru sammála um að þetta yrði að árlegum viðburði hjá okkur í Austurkór.



## Jólin sungin í hug og hjörtu

Kór Kópavogskirkju söng anda jólanna inn í hjörtu allra á aðventu-tónleikum sínum á dögnum.

Tónleikarnir fóru fram í safnaðarheimili Kópavogskirkju í Borgum og á efnisskrá voru lög eins "hin fyrstu jól", "sjá morgunstjarnan blikar blíð", "Hátíð fer að höndum ein" og "Gesu Bambino." Einsöngungu Ólafía Línberg Jensdóttir og Þórunn Elín Pétursdóttir. Báðar eru sópran og var gerður góður rómur að öllum söng. Elísa Elíasdóttir stýrði kórnum og greip jafnframt í fiðluna völd augnablik. Allir fóru fóru sáttir og þakklátir heim eftir tónleikanna.



Kór Kópavogskirkju og Elísa Elíasdóttir kórstjórnandi.

## LÁTTU OKKUR SJÁ UM HEIMILISÞVOTTINN ÞINN

Óskum Kópavogsbúum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

### Opnunartími yfir jól og áramót

23.-26. desember lokað  
27. desember opið 10-18  
28. desember opið 8-18  
29. desember opið 8-18  
30. des- 1. jan. lokað  
2. janúar opið.

Hröð og vönduð þjónusta. Persónuleg þjónusta og hagstætt verð.

OPNUNARTÍMI EFNALAUGAR GARÐABÆJAR  
MÁN - FÖS: 8-18 • LAU: lokað



EFNALAUG GARÐABÆJAR | GARÐATORGI 3 | GARÐABÆ | SÍMI 565 6680



Kópavogsbær

# SAMVERA ER BESTA JÓLAGJÖFIN

FJÖLSKYLDAN SAMAN  
UM JÓLIN

**SAMAN**

samanhopurinn.is

# MEKÓ



## Gleðileg jól og farsælt komandi ár

Við þökkum fyrir ánægjulegar samverustundir á liðnu ári og hlökkum til að taka á móti ykkur árið 2024



## OPIÐ YFIR HÁTÍÐIRNAR



### Bókasafn Kópavogs aðalsafn

23/12	11:00-17:00
24-26/12	Lokað
27/12	10:00-18:00
28-29/12	08:00-18:00
30/12	11:00-17:00
31/12-1/1	Lokað
2/1	10:00-18:00

### Náttúrufræðistofa Kópavogs

Lokað

### Salurinn

23/12-3/1 Lokað

### Bókasafn Kópavogs Lindasafn

23/12	11:00-15:00
24-26/12	Lokað
27-29/12	13:00-18:00
30/12	11:00-15:00
31/12-1/1	Lokað
2/1	13:00-18:00

### Gerðarsafn

23/12	12:00-18:00
24-26/12	Lokað
27-30/12	12:00-18:00
31/12-1/1	Lokað

Gerðarsafn



Bókasafn  
Kópavogs

Náttúrufræðistofa  
Kópavogs

